

**Ed.**

### **452. Breytingartillögur**

við frv. til l. um, að ágreiningur milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli lagður í gerð.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Í staðinn fyrir 1.– 7. gr. frumvarpsins komi þessi grein, er verður 1. gr.:  
Hvorugur aðilja í vinnudeilu þeirri, sem stendur yfir milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar, skal láta hinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni á neinn hátt.
2. Fyrirsögn frumvarpsins verði svo:  
Frumvarp til laga um, að aðiljar í vinnudeilu milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli hvorugur láta hinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni á neinn hátt.